

Brunavarnarnefnd, fundur nr. 4

Dags. 8.3.2011

### **Fundargerð brunavarnanefndar - 08.03.2011**

Fjórði fundur í sameiginlegri brunavarnanefnd Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps, haldinn á skrifstofu Þingeyjarsveitar á Laugum þann 8. mars 2011 kl.17:00.

Mætt voru: Bjarni Höskuldsson slökkviliðsstjóri, Arnór Benónýsson formaður, Hólmgeir Hallgrímsson og Þórunn Jónsdóttir í forföllum Helgu Erlingsdóttur.

- 1.** Formaður setti fund, bauð menn velkomna og gerði grein fyrir fundarefni.
- 2.** Slökkviliðsstjóri gerði grein fyrir stöðu mála varðandi kaup á búnaði til slökkviliðsins.
- 3.** Formaður gerði grein fyrir nauðsyn þess, vegna breyttra aðstæðna, að endurskoða fyrirkomulag á vörslu og umsýslu Björgunarsveitarinnar Þingeyjar á búnaði og bíl slökkviliðsins á Melgötu og samning þar að lútandi. Nefndin leggur til að sveitarstjóra Þingeyjarsveitar og formanni brunavarnanefndar verði falið að ganga til viðræðna við björgunarsveitina um breytingar á þessu fyrirkomulagi.
- 4.** Slökkviliðsstjóri kynnti hugmyndir að breytingum á húsnæðismálum slökkviliðsins á stöðvunum á Laugum og Iðjugerði. Nefndin leggur til við sveitarstjórn Þingeyjarsveitar að sveitarstjóra og formanni brunavarnanefndar verði falið að kanna þá möguleika sem fyrir hendi eru í húsnæðismálum og gera tillögu um fyrirkomulag mála til sveitarstjórnarinnar.
- 5.** Slökkviliðsstjóri kynnti stöðu mála varðandi ráðningarsamninga og tryggingar slökkviliðsmanna. Ráðningarsamningar eru ekki frágengnir en gera á samning við hvern og einn slökkviliðsmann. Stefnt er að því að ganga frá samningum innan tíðar. Ennfremur var rætt um tryggingar slökkviliðsmanna og fól nefndin slökkviliðsstjóra að kanna málin nánar og leyta eftir tilboðum.
- 6.** Slökkviliðsstjóri skýrði frá hugmyndum að æfingaplani til framtíðar, en 6 æfingar eru áætlaðar til vors. Einnig kom fram að allir slökkviliðsmennirnir eru skráðir í fjarnám í Brunamálaskólanum sem rekinn er innan Mannvirkjastofnunar. Að því námi loknu geta menn öðlast löggildingu sem slökkviliðsmenn.
- 7.** Önnur mál. Slökkviliðsstjóri minnti á að meðal fyrirliggjandi verkefna er að endurskoða núverandi brunavarnaráætlanir sveitarfélaganna tveggja, Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar og velti upp þeirri spurningu hvort ekki væri rétt að sameina áætlanirnar í eina. Nefndin tekur undir það sjónarmið og telur að rétt sé að vinna að endurskoðun brunavarnaráætlananna á næsta fundi nefndarinnar sem stefnt skal að 5. apríl kl. 17:00 í Kjarna.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl:19:00

Þórunn Jónsdóttir